

4. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við félagssamtök rithöfunda, þar sem m. a. skal kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 20. maí 1975.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

Á eftir orðunum „orlofsheimili launþegasamtaka“ í 1. mgr. komi: skipbrotsmannaskýli, sæluhús.

Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimill er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af fasteignum, sem einvörðungu eru notaðar til tómstundaiðju, sem viðurkennd er af viðkomandi sveitarstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.